

Kynningarfundur um sameiningu

Þann 9. nóvember sl. var haldinn sameiginlegur kynningarfundur VFÍ, TFÍ og SV um hugsanlega sameiningu félaganna. Fundurinn var ágætlega sóttur en fundarmenn voru á bilinu 120-130. Rétt er að ítreka hér það sem kemur fram á blaðsíðu þrjú að atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna VFÍ um sameiningu félaganna hefur verið frestað fram yfir áramót.

Langur aðdragandi í Danmörku

Lisbet Kaas Andersen verkefnisstjóri hjá IDA, danska verkfræðinga- og tæknifræðingafélaginu sagði frá sameiningu félaganna þar í landi. Hún rakti aðdraganda sameiningarinnar sem spannaði 30 ár. Var áhugavert að heyra hversu margt virðist líkt með framvindu þessara mála þar í landi og hér.

Dönsku félögin voru sameinuð árið 1996 í þriðju atkvæðagreiðslunni um málið. Þá höfðu ýmsar breytingar orðið sem stuðluðu að því að sameiningin náði fram, eins og til dæmis breytingar á danska menntakerfinu og skipulagi félaganna. Einnig hafði samstarf félaganna aukist eftir því sem árin liðu.

Í raun voru þrjár „gerðir“ tæknimanna í Danmörku með mismunandi menntun. „Civilingeniörar“, þ.e. þeir sem höfðu lokið M.Sc. gráðu í verkfræði, sérstaklega eldri félagar, höfðu minnstan áhuga á sameiningu. Meðal annars af þeirri ástæðu að þeir töldu hana leiða til þess að þeir myndu lækka í launum og að menntunarleg sérstaða þeirra og jafnvel virðing í þjóðfélaginu myndi þverra.

Í Danmörku var nokkuð meiri áhugi fyrir sameiningu hjá tæknifræðingum en verkfræðingum. Þess má geta að kannanir hafa sýnt að sama er upp á teningnum hér á landi.

Yngri félagsmenn voru hvatamenn að þriðju atkvæðagreiðslunni sem leiddi loks til sameiningar félaganna. Um ástæður þess að sameiningin tókst þá sagði Lisbet að þar bæri helst að nefna breytingar á menntun tæknimanna, m.a. hefði „teknikum ingeniörar“ náð því að fá nám sitt viðurkennt sem háskólanám á launaskala hins opinbera, í tímans rás hefði vinnumarkaður hópanna orðið svipaður, samvinna hafi aukist milli félaganna og strúktúr þeirra orðið svipaður og síðast en ekki síst þá megi fullyrða að félagsmenn hafi vanist tilhugsuninni um eitt félag. – Hugmynd sem í fyrstu virtist fjarstæð.

Staðan eftir 10 ár

Lisbeth sagði kosti sameiningarinnar vera miklu fleiri en gallana. Reyndar lítur hún svo á að gallarnir séu því sem næst engir, þó ekki megi líta framhjá því að sameiningin hafi vissulega verið erfitt ferli og það hafi tekið tíma að búa til samsemd (identity). Helsti kosturinn er hagræðing og félagsmenn fá betri þjónustu.

Í lokaorðum sínum sagði Lisbeth að menn yrðu að gera sér grein fyrir því að sameiningarferlið tekur tíma og mikilvægt sé að beina sjónum sínum að því sem hóparnir eigi sameiginlegt, ekki því sem hugsanlega skilji þá að.

Auk Lisbetar voru framsögumenn Lára V. Júlíusdóttir sem kynnti drög að stofnsamningi og lögum nýs félags, Kristinn Gestsson endurskoðandi sem kynnti fjárhagsáætlun fyrir nýtt félag og Eysteinn Einarsson, verkfræðingur sem ræddi markmið og framtíðarsýn nýs félags. Auk þess tóku formenn félaganna til máls og lýstu sínum sjónarmiðum varðandi sameininguna og hvöttu félagsmenn til að samþykkja hana. Fundarstjóri var Guðmundur G. Þórarinnsson, verkfræðingur.

Rétt er að benda á að í miðopnu 8. tbl. Verktækni, sem kom út í byrjun nóvember, er ítarlegt kynningarefni um hugsanlega sameiningu félaganna.

Áróður?

Nokkuð fjörlegar umræður urðu að loknum framsöguerindum. Greinilegt var að nokkrir fundarmenn voru ósáttir og töldu fundinn tæplega geta kallast kynningarfundur þar sem einhliða áróður væri með sameiningu. Aðrir bentu á að þetta væri kynningarfundur stjórnar félaganna, sem hefðu ákveðið að leggja fram tillögu um sameiningu og væru að koma sjónarmiðum sínum og rökum með sameiningu á framfæri.

Of langt mál er að rekja hér í þaula þau sjónarmið sem fram komu í umræðunum. Hér skulu þó nefnd nokkur atriði í máli þeirra sem lýstu skoðunum sínum.

Á móti

- Engir kostir eru við að sameina félögin. Ekkert bendir til þess að stærra félag verði betra félag. Ekki verið talað um að félagsgjöld muni lækka vegna aukinnar hagræðingar.
- Sameining fagfélags og stéttarfélags er tímasketkjja. Mikilvægt er að hafa valfrelsi varðandi aðild að fagfélagi.
- Rangt að blanda saman kjaralegum og faglegum hagsmunum. Muni bitna á kjarabaráttunni.
- Hætta er á því að kjör verkfræðinga muni rýrna með sameiningu við tæknifræðinga. Verkfræðingar missi sérstöðu sína.
- Ekki verði staðinn vörður um menntunarlega sérstöðu verkfræðinga hvað varðar sterkan grunn í raungreinum.

Með

- Verkfræðingar og tæknifræðingar eru á sama vinnumarkaði og hafa sömu hagsmuna að gæta.
- Kostur að borga félagsgjöld til eins félags verkfræðinga í stað tveggja, sameining er gott mál hvort sem tæknifræðingar eru með eða ekki.
- Faglegir og kjaralegir hagsmunir fara saman. Eitt félag er betur í stakk búið til að taka á málum og koma á framfæri sjónarmiðum stéttarinnar og standa vörð um ímynd hennar.
- Rétt að sameina kraftana í einu félagi.